



Leikskólinn utan seilingar: Reynsla foreldra leikskólabarna af heimsfaraldri Covid-19

Björn Rúnar Egilsson

► Abstract

► Um höfund

► About the author

► Heimildir

Lítið hefur verið vitað um viðhorf foreldra leikskólabarna til leikskólastarfs meðan á heimsfaraldri Covid-19 stóð á Íslandi. Í þessari grein verður reynsla foreldra barna sem voru á leikskólaaldri þegar samkomutakmarkanir, lokanir og skerðingar voru við lýði í leikskólum könnuð. Prettán foreldrar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í hálfstöðluðu viðtali og deildu reynslu sinni með rannsakanda. Niðurstöðurnar benda til þess að strangar sóttvarnaaðgerðir sem innleiddar voru í leikskólum hafi verið í sér mikil viðbrigði fyrir foreldra og haft sterk áhrif á upplifun þeirra af leikskólastarfinu. Foreldrar greindu frá því að samskipti þeirra við kennara barnsins og aðrar fjölskyldur hefðu minnkað til muna og að þeir hefðu haft mun minni innsýn í dag barnsins í leikskólanum. Samhliða minni viðveru í leikskólanum og fátíðari samskiptum við starfsfólk og aðrar fjölskyldur urðu tengsl þeirra við leikskólasamfélagið veikari. Í gögnunum er að finna vísbendingar um að þrátt fyrir að faraldurinn fæli í sér margvíslegar áskoranir, hafi áhrifin á fjölskyldulífið að mörgu leyti verið jákvæð þar sem samvera og nánd barna og foreldra jókst. Rannsóknin varpar ljósi á breytingar og bresti í samskiptamynstri leikskóla og foreldra meðan á faraldrinum stóð, en afar mikilvægt er að leikskólar móti sér samskiptastefnu sem býr yfir seiglu og sveigjanleika til þess að viðhalda sambandi við foreldra í ófyrirséðum aðstæðum.

Efnisorð: leikskóli, foreldrar, Covid-19

Inngangur

Heimsfaraldur Covid-19 fól í sér verulegar áskoranir fyrir leikskóla á Norðurlöndum. Þótt viðbrögð stjórnvalda í hverju landi fyrir sig hafi ekki verið með nákvæmlega sama hætti þegar faraldurinn hófst í mars 2020, gerðu samkomutakmarkanir, lokanir, skerðingar og sóttvarnarráðstafanir starfsaðstæður krefjandi í leikskólum og fólu í sér umtalsverðar breytingar á daglegu lífi barna, foreldra og kennara á Norðurlöndunum. Leikskólar í Danmörku lokuðu að fullu í tvær vikur í upphafi faraldursins í mars 2020. Eftir lokunina var smám saman losað um hömlur og gripið var til ýmissa aðgerða í leikskólum til að draga úr útbreiðslu veirunnar. Í Noregi voru leikskólar lokaðir frá 13. mars til 27. apríl 2020. Meðan á lokuninni stóð gátu aðeins börn framlínustarfsmanna og börn með sérþarfir sótt leikskóla. Eftir lokunina giltu ýmsar takmarkanir í leikskólum allt til febrúar 2022. Í Finnlandi stóð lokunartímabilið frá 16. mars til 14. maí 2020. Á þeim tíma var mælt með því að börn væru heima ef þau ættu þess kost, en sveitarfélögum bar að bjóða leikskólaþjónustu fyrir börn framlínustarfsfólks. Í Svíþjóð var leikskólum ekki lokað, en takmarkanir grundvölluðust á einkennum. Einkennalaus börn og fjölskyldur þeirra gátu því sótt leikskóla (Juutinen o.fl., 2025). Á Íslandi voru leikskólar áfram opnir, en skordur voru settar á heildarfjölda barna í hverju rými frá 16. mars 2020. Flest börn komu því annaðhvort annan hvern dag eða vikulega eftir því hvernig staðbundnum útfærslum var háttað,

en börn framlínustarfsfólks máttu koma daglega. Þessum takmörkunum var aflétt eftir 4. maí 2020, en margvíslegar sóttvarnaðgerðir, hólfskiptingar, reglur um lágmarksfjarlægð og grímunotkun og takmarkanir á aðgengi foreldra að leikskólalóðum voru við lýði fram í febrúar 2022 (sjá Svava Björg Mörk og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2024).

Faraldurinn varð þess valdandi að leikskólakennarar og annað starfsfólk þurftu að aðlaga starf sitt að síbreytilegum reglugerðum stjórnvalda, innleiða og fylgja eftir reglum um sóttvarnir og takast á við óttann við örur breytingar handan við hornið (Kuutti o.fl., 2021). Rannsóknir á áhrifum faraldursins hafa því bent til þess að kvíði, streita og kulnunareinkennum hafi fæst í aukana meðal starfsfólks meðan á honum stóð (Gomes o.fl., 2021; Heikkinen o.fl., 2023; Parrila og Mäntyjärvi, 2023). Skipulag starfs með börnum tók einnig breytingum í faraldrinum. Þegar samkomutakmarkanir voru sem strangastar var gjarnan brugðið á það ráð að hafa færri börn í hverju rými og vinna í smærri hópum, hólfskipta leikskólanum og auka hlut útináms (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk, 2020; Koch, 2022; Kuutti o.fl., 2021; Mortensen o.fl., 2020; Norberg, 2022; Petersen, 2021; Pramling Samuelsson o.fl., 2020; Sulkanen o.fl., 2022). Þótt fáar rannsóknir hafi verið gerðar á sjónarhorni barna á leikskólastarf í faraldrinum (Juutinen o.fl., 2025), er að finna vísbendingar um að börn hafi verið meðvituð um atburði líðandi stundar og gert sér grein fyrir þeim skorðum sem þeim voru settar á svæði, leikefni og leikfélaga. Sumum börnum fannst óþægilegt að vita ekki hvaða kennari myndi sjá um þau hverju sinni og lýstu söknuði eftir leikfélaga (Os o.fl., 2024; Sara Margrét Ólafsdóttir o.fl., 2020). Reglur um hámarksfjölda og fjarlægð á milli fólks lagði jafnframt töluverðar hömlur á þátttöku foreldra í leikskólastarfi og dró úr samskiptum þeirra og samstarfi við kennara barnsins. Aðgangur foreldra að leikskólabyggingum var í mörgum tilfellum takmarkaður og ýmsum viðburðum og hátíðum fyrir fjölskyldur aflýst (Andersson Söe o.fl., 2023; Marschall o.fl., 2022; Mortensen o.fl., 2020; Oropilla o.fl., 2022).

Í þessari grein verður sjónum beint að upplifun foreldra leikskólabarna af leikskólastarfi og fjölskyldulífi á tímum heimsfaraldurs Covid-19 á Íslandi. Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar er hluti af norræna rannsóknarverkefninu EXPECT (Exploring Practices in Early Childhood of Tomorrow: Developing resilience in social sustainable childhoods after Covid-19). Verkefnið er styrkt af Nordforsk, byggir á samþættingu fyrri rannsóknarniðurstæðna frá Norðurlöndunum og hefur að markmiði að afla frekari þekkingar á áhrifum heimsfaraldurs Covid-19 á leikskólastarf og fjölskyldur leikskólabarna á Norðurlöndunum með því að beita bæði eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Niðurstöðurnar verða framlag til umræðu innan skóla- og fræðasamfélagsins um hvaða lærdóm megi draga af heimsfaraldri Covid-19, hvernig renna megi frekari stöðum undir félagslega sjálfbærni leikskólastigsins á Norðurlöndunum, og auka þekkingu og seiglu innan menntakerfisins fyrir möguleg samfélagsleg áföll í framtíðinni.

Fræðilegur bakgrunnur

Íslenskur lagarammi kveður á um að leikskólar efni til náins samstarfs við foreldra til þess að efla farsæld barna og stuðla að alhliða þroska þeirra (lög um leikskóla nr. 90/2008). Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins eru talin mikilvæg til þess að öðlast heildarsýn á velferð barnsins. Af þeim sökum er lagt til að starfsfólk leikskóla veiti foreldrum upplýsingar um barnið og leikskólastarfið og hlusti á sjónarmið foreldra, bæði með því að grípa tækifæri í hversdagslegum aðstæðum og í reglubundnum samtölum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Þær aðstæður sem sköpuðust í Covid-19 faraldrinum fólu í sér margvíslegar hindranir í vegi slíks samstarfs, sem hér verða skoðaðar út frá vistfræðikenningu Bronfenbrenners og viðmiðum Early Childhood Environment Rating Scale (ECERS) um gæði í samstarfi leikskóla og foreldra.

Vistfræðikenning Bronfenbrenners

Vistfræðikenning Urie Bronfenbrenners er algengur fræðilegur upphafspunktur kennara og menntunarfræðinga (Dockett o.fl., 2014), ekki síst vegna þess að staðsetja barnið í miðju

samofins kerfis, beina athyglinni að hinum margþættu aðstæðum sem það lifir og hrærist í og þeim áhrifavöldum sem þar leynast. Bronfenbrenner hafði áhuga á gagnvirkum áhrifum einstaklings- og umhverfisþátta á þroska (e. *proximal processes*) og sá fyrir sér fimm meginkerfi (flókin mengi tengsla) umlykja sérhvert barn og hafa áhrif á uppvöxt þess í tímans rás. Nærkerfið (e. *microsystem*) inniheldur fjölskyldu, vini og leikskóla, aðila sem hafa bein áhrif á barnið og hitta það augliti til auglitis. Miðkerfið (e. *mesosystem*) samanstendur af samskiptum ólíkra nærkerfa sem barnið á beina aðild að (t.d. fjölskyldunnar og leikskólans). Stofnanakerfið (e. *exosystem*) vísar til fólks og stofnana sem hafa óbein áhrif á uppleidisáðstæður, eins og vinnustaður foreldra, fjölmiðlar, heilbrigðis- og menntastofnanir, félagsþjónusta og stjórn málaöfl nærsamfélagsins. Lýðkerfið (e. *macrosystem*) nær utan um hugmyndafræði, gildi, venjur, lög og menningarstrauma. Að lokum gengur lífkerfið (e. *chronosystem*) þvert á hin kerfin fjögur og táknar tímalega framrás fyrir séðra og ófyrir séðra breytinga og atburða, bæði í ytra umhverfi einstaklings (hversdagslegir og sögulegir atburðir) og innra (andlegar breytingar, þroski) með honum sjálfum (Bronfenbrenner og Morris, 2006; Rosa og Tudge, 2013). Vistfræðikenningin er gjarnan notuð til þess að benda á að ekki sé hægt að aðskilja líf barna frá félagslegu umhverfi þeirra (Jóhanna Einarsdóttir, 2014) og beina kastljósinu að mikilvægi trausts sambanda á milli uppalenda barnsins. Ef samband nærkerfa barnsins er stopult getur það leitt af sér að þörfum barnsins sé ekki mætt, eins og ef foreldrar og kennarar deila ekki upplýsingum sín á milli með skilvirkum hætti (Conkabayir og Pascal, 2015).

Early Childhood Environment Rating Scale: Viðmið um gæði í foreldrasamstarfi

Early Childhood Environment Rating Scale (ECERS) hefur víða verið notaður bæði af rannsakendum og fagfólki til þess að mæla gæði leikskólastarfs (Brunsek o.fl., 2017). Skalanum er ætlað að auðvelda rannsakendum og fagfólki að auðkenna ákveðin atriði sem lúta að starfinu og í hversu ríkum mæli þau eiga við hvern vettvang, til að mynda í umhverfi leikskólans, efniviði og framkomu starfsfólks gagnvart börnum. Skalinn hefur verið uppfærður og aðlagður í áranna rás með ólíkar aðstæður í huga; til dæmis fyrir starf með yngstu börnunum, námskrárvinnu og uppledisstarf sem fer fram heima fyrir (sjá Environment Rating Scales Institute, e.d.). ECERS-skalinn var til að mynda notaður í leikskólahluta bresku langtímarannsóknarinnar Effective Pre-School, Primary and Secondary Education Project (EPPSE) sem stóð yfir á árunum 1997 til 2014 og hafði það meðal annars að markmiði að komast að hvað einkennir gæðastarf í leikskólum (sjá University College London, e.d.). Í annarri útgáfu skalans frá 2004 (ECERS-R) er rík áhersla lögð á samstarf starfsfólks leikskóla við foreldra. Skalinn leggur mat á atriði eins og að veita upplýsingar um starfshætti skólans, fylgjast með eða taka beinan þátt í skólastarfinu, vinna sjálfböðastarf í leikskólanum, vera styðjandi gagnvart foreldrum í uppledishlutverkinu og beina þeim á viðeigandi efni og úrræði, leggja sig fram við að öðlast skilning á og virða ólíkan bakgrunn fjölskyldna, bjóða foreldrum á viðburði og fræðslufyrirlestra og veita þeim regluleg tækifæri til þess að ræða þroska og velferð barnsins við starfsfólk (Harms o.fl., 2004). Þessi útgáfa skalans er í samræmi við áherslu vistfræðikenningarinnar á miðkerfið. Sterkt miðkerfi, eins og Bronfenbrenner lýsti því, byggir á sveigjanlegu og styðjandi sambandi heimilis og leikskóla. Hægt er að nota ECERS-skalann til þess að varpa ljósi á gæði og skilvirkni miðkerfisins og til þess að auðkenna hvar styrkleika og veikleika í tengslanetinu sem umlykur barnið sé að finna. Þótt skalanum sé ætlað að meta gæði leikskólastarfs á breiðum grundvelli hefur hann hlotið gagnrýni rannsakenda, m.a. fyrir uppbyggingu og framkvæmd stigagjafar (Neitzel o.fl., 2019) og ofuráherslu á námsumhverfi barna (Setodji o.fl., 2018). Nýlegar rannsóknir á viðhorfum foreldra og leikskólakennara benda þó til samhljóms við skalann hvað áherslu hans á samskipti þeirra í milli varðar. Tíð og opin samskipti sem byggja á gagnkvæmri viðurkenningu og trausti eru talin hafa mikið um gæði sambandsins að segja (Oakes o.fl., 2020; Petrogiannis og Penderi, 2014; Zulauf-McCurdy og Zinsser, 2022), en skortur á samskiptum getur leitt til misskilnings á milli foreldra og leikskólakennara (Oke o.fl., 2020). ECERS-skalinn er ekki notaður með beinum hætti í þessari rannsókn, heldur er litið til þeirra áhersluatriða sem á honum er að finna þegar frásagnir foreldra eru ígrundaðar.

Fyrri rannsóknir

Á Norðurlöndunum hefur hingað til lítið farið fyrir rannsóknum á reynslu foreldra leikskólabarna af heimsfaraldri Covid-19. Fræðimenn hafa mestmegnis beint sjónum sínum að sjónarmiðum leikskólakennara og stjórnenda og benda niðurstöðurnar meðal annars til þess að gæðum í samskiptum þeirra við foreldra hafi dalað meðan á faraldrinum stóð (Juutinen o.fl., 2025). Lokanir og fjarlægðartakmarkanir hömluðu daglegum samskiptum leikskólakennara og foreldra og viðvera foreldra í leikskólum minnkaði til muna (Godhe, 2023). Innleiðing fjarlægðartakmarkana í leikskólanum gat leitt til spennu í samskiptum leikskólakennara við foreldra sem voru mótfallnir nýjum reglum (Korhonen o.fl., 2023). Samkomutakmarkanir og rof á venjubundnu dagskipulagi og þjónustu gátu þar að auki reynst foreldrum barna með sérþarfir erfiðar (Peltoperä o.fl., 2023). Qvortrup og Lomholt (2022) greina frá því að viðhorf foreldra til leikskólastarfsins á tímum samkomutakmarkana hafi að mörgu leyti verið neikvæð. Skert aðgengi að leikskólanum og niðurfelling hefðbundinna viðburða þar sem fjölskyldur koma saman hafi minnkað þátttöku þeirra í leikskólastarfinu og veikt tengsl þeirra við leikskólasamfélagið til muna. Stórlega hafi dregið úr óformlegu spjalli við kennara barnsins um þroska þess og líðan og það hafi skilað sér í lítilli innsýn foreldra í dag barnsins og samskipti þess við leikfélaga sína og veikari tengslum við aðrar fjölskyldur. Þá hafi foreldrar átt í meiri erfiðleikum með að fylgjast með útífatnaði barnsins og kvartað undan skertu vali barna á leikfélögum og leiksvæðum (Qvortrup og Lomholt, 2022). Óvenjulegar kringumstæður meðan á faraldrinum stóð gáfu foreldrum og kennurum einnig minna svigrúm til þess að skiptast á frásögnum af degi barnsins og eiga samtöl um viðkvæm mál, sem hentuðu síður fyrir rafræn samskipti (Marschall o.fl., 2022).

Þrátt fyrir að margir foreldrar ungra barna tengi Covid-tímabilið fyrst og fremst við erfiðleika og áskoranir, benda rannsóknir til þess að jákvæðar hliðar og nýjar nálganir í samskiptum kennara og foreldra hafi einnig komið í ljós. Samkomutakmarkanir buðu fjölskyldum upp á tækifæri til notalegrar samveru heima fyrir (Peltoperä o.fl., 2023). Foreldrar sáu einnig kosti við að skipuleggja leikskólastarfið fyrir smærri hópa, fögnuðu aukinni áherslu á hreinlæti, urðu varir við aukið sjálfstæði barna í fataklefanum og sumum þótti nýtt fyrirkomulag við móttöku barna og skil í lok dags vel heppnað (Qvortrup og Lomholt, 2022). Þá eru þess dæmi að leikskólakennarar hafi í auknum mæli nýtt upplýsingatækni til þess að halda sambandi við fjölskyldur meðan á samkomutakmörkunum stóð. Kennarar hafi sent foreldrum skilaboð og boðið þeim upp á símtöl og að hitta sig á netfundum, útbúið verkefnapakka sem börn og foreldrar gátu leyst saman innan- og utandyra og haldið óformlega netfundi þar sem börnin gátu hitt leikfélaga sína (Sulkanen o.fl., 2022). Þó hafa komið fram vísbendingar um mismunandi viðbrögð finnskra foreldra við þessari viðleitni kennara. Á meðan sumir foreldrar fundu fyrir stuðningi og hvatningu í stafrænni nálgun leikskólans, upplifðu aðrir skilaboð, netfundi og verkefnapakka sem uppsprettu streitu og tilfinningalegs álags á heimilinu (Heino og Kara, 2021).

Íslenskar rannsóknir á áhrifum Covid-19 á leikskólakerfið benda til þess að heimsfaraldurinn hafi haft umtalsverða röskun fyrir daglegt starf í leikskólum landsins í för með sér. Greint hefur verið frá auknu álagi í starfi leikskólakennara og stjórnenda, meðal annars vegna síbreytilegra reglna um fjarlægðartakmarkanir og innleiðingu þeirra í starfi með ungum börnum, skilningsleysis yfirvalda á starfsaðstæðum leikskólanna og ótta við smit í starfi (Kristín Dýrfjörð og Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2020, 2022). Foreldrasamstarf í leikskólum tók jafnframt stakkaskiptum; samskipti í eigin persónu minnkuðu til muna vegna samkomutakmarkana og þátttaka foreldra í leikskólastarfinu varð með minnsta móti, þar sem þeir sóttu börn sín í mörgum tilfellum fyrir utan leikskólabygginguna og voru ekki viðstaddir viðburði eins og jóla- og sumarhátíðir (Jóhanna Einarsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir, 2020). Þrátt fyrir ýmsar áskoranir hafa einnig komið fram vísbendingar um að breytt starfsumhverfi heimsfaraldurs hafi einnig haft jákvæðar hliðar. Fækkun barna í hverju rými hafi þýtt meiri ró yfir starfinu, boðið upp á dýpri leikupplifun barna, gert starfsfólki kleift að sinna hverju barni betur og gæði starfsins og vellíðan barna og starfsfólks hafi aukist (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk, 2020).

Lítið er vitað um reynslu foreldra leikskólabarna af samkomutakmörkunum og skertu skólalastarfi á tímum Covid-19 á Íslandi. Niðurstöður rannsóknar Elizabeth B. Lay og Brynju E. Halldórsdóttur (2020) gefa til kynna að foreldrar leik- og grunnskólabarna hafi talið skóla barna sinna vera í góðum samskiptum við sig á meðan fyrsta bylgja Covid-19 reið yfir samfélagið. Foreldrar löguðu sig að breyttum aðstæðum og kusu í vissum tilfellum að vera heima, ýmist vegna þess að vinna og nám færðust á netið eða vegna ótta við smit og sóttkví. Foreldrar úr röðum innflytjenda reyndust líklegri til þess að halda börnum sínum heima, enda gátu þeir síður reitt sig á bakland ættingja og vana ef þeir veiktust (Elizabeth B. Lay og Brynja E. Halldórsdóttir, 2020). Í þessari rannsókn er leitað eftir sjónarmiðum og reynslu foreldra af samkomutakmörkunum, lokunum og skerðingu á leikskólalastarfi vegna heimsfaraldursins og áhrifa þeirra á starfshætti leikskólans, félagsleg tengsl og fjölskyldulíf. Hér verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hvað einkennir viðhorf foreldra til leikskólalastarfs á tímum heimsfaraldurs Covid-19? Hvað einkennir reynslu foreldra leikskólabarna af fjölskyldulífi á tímum heimsfaraldurs Covid-19?

Aðferðafræði

Heimsfaraldur Covid-19 er á margan hátt óvenjulegt tímabil í lífi þeirra foreldra sem upplifðu hann þar sem samkomutakmarkanir, lokanir og skerðingar á leikskólalastarfi höfðu viðtak áhrif á daglegt líf barnafjölskyldna. Í rannsókninni var stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir vegna þess að þær eru vel til þess fallnar að kanna margvíslega upplifun þátttakenda af leikskólalastarfi á tímum heimsfaraldurs, rifja upp minningar þeirra af foreldrahlutverkinu í fordæmalausum aðstæðum og öðlast skilning á þeirri merkingu sem þeir kunna að leggja í þennan kafla í lífi sínu. Sá skilningur liggur þó ekki í dvala innra með þátttakendum og bíður þess að verða uppgötvaður af rannsakanda, heldur verður hann til í gagnvirku samtali (Brinkmann og Kvale, 2015; Creswell og Poth, 2018).

Þátttakendur

Stuðst var við markmiðsúrtak og var rannsóknin auglýst á Facebook-hópi foreldra barna í ónefndum grunnskóla í Reykjavík. Foreldrum var boðið að taka þátt í hálfstöðluðu einstaklingsviðtali um reynslu sína af leikskólalastarfi á því tímabili. Rannsakandi nýtti einnig persónuleg sambönd til þess að komast í samband við foreldra og kynna rannsóknina fyrir þeim. Þrettán foreldrar barna sem höfðu verið á leikskólaaldri meðan á heimsfaraldri Covid-19 stóð samþykktu þátttöku í rannsókninni. Börn þeirra voru fædd á árunum 2015 og 2017 og voru því á þriðja og fimmta aldursári þegar faraldurinn hófst á Íslandi í mars 2020. Þátttakendur höfðu allir fæðst og alist upp á Íslandi, voru með margvíslegan bakgrunn með tilliti til aldurs, menntunar og atvinnustöðu og höfðu búið á ólíkum stöðum innan höfuðborgarsvæðisins meðan á faraldrinum stóð. Þátttakendur höfðu því flestir reynslu af mismunandi leikskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Gagnaöflun og greining

Þátttakendur fengu að velja stað- og tímasetningu viðtala og fóru þau fram á tímabilinu maí til október árið 2024. Viðtalsrammi snerti á upplifun foreldra af leikskólalastarfi á tímum sóttvarnaaðgerða, samskiptum við starfsfólk og aðrar fjölskyldur og áhrifum samkomutakmarkana á fjölskyldulíf. Flestir þátttakendur mættu í einstaklingsviðtöl en tvenn hjón ákváðu að ræða við rannsakanda í sameiningu. Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð í forritinu *oTranscribe* og greind með hjálp hugbúnaðarins *ATLAS.ti*. Gagnasafn rannsóknarinnar var þemagreint, sem felur í sér sex meginskref; ítarlegan lestur afritaðra viðtala, yfirgrípsmikla kóðun, flokkun kóða í bráðabirgðapemu, endurskoðun þema, skilgreiningu og nafngift þema og ritun niðurstaðna. Þemagreining felur sjaldnast í sér línulegt ferli, heldur reynist oft nauðsynlegt að endurtaka ákveðin skref á seinni stigum greiningar (Braun og Clarke, 2013).

Siðferðileg álitamál

Rannsóknarverkefnið EXPECT fékk jákvæða umsögn Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands. Hætta á alvarlegum eða langvarandi skaða vegna þátttöku í rannsóknarverkefninu var talin vera hverfandi. Þó var ekki óhugsandi að þátttakendur upplifðu óþægindi meðan á viðtölum stæði við að rifja upp reynslu sína af heimsfaraldri Covid-19 og segja frá aðstæðum sem kynnu að hafa verið erfiðar, streituvaldandi eða sett daglegu lífi þeirra skorður. Þátttakendur kynnu jafnframt að hafa misst nákomna ættingja eða veikst alvarlega sjálfir. Hætta á tilfinningalegum óþægindum til skemmri tíma var því talin vera til staðar. Rannsakandi var á margan hátt í stöðu innherja (e. *insider*) gagnvart þátttakendum. Rannsakandi deildi með þeim menningar- og tungumálabakgrunni, hafði þekkt hluta þeirra (misjafnlega mikið) áður og hafði sjálfur átt barn á leikskólaaldri meðan á faraldrinum stóð. Þessi staða auðveldaði rannsakanda aðgengi að þátttakendum og bauð upp á tækifæri til þess að ígrunda frásagnir þeirra í ljósi eigin reynslu, en gerði það einnig að verkum að huga þurfti sérstaklega að upplýstu samþykki og gæta þess að viðhalda trúnaði og nafnleynd þar sem hluti þátttakenda þekktist (Allmark o.fl., 2009; Holmes, 2020). Í upphafi hvers viðtals var tilgangur rannsóknarinnar, nafnleynd og notkun dulnema útskýrð fyrir þátttakendum áður en upplýsts samþykkis var aflað. Þátttakendur voru upplýstir um rétt sinn til að sleppa einstökum spurningum og hætta þátttöku fyrirvaralaust án afleiðinga. Nöfn þátttakenda í niðurstöðukafla eru dulnefni. Heiti leikskóla, nöfn barna og þriðju aðila hafa verið fjarlægð eða þeim breytt.

Niðurstöður

Í þessum hluta verður sjónum beint að viðhorfum foreldra til leikskólastarfs og reynslu þeirra af fjölskyldulífi á tímum heimsfaraldurs Covid-19 á Íslandi. Þátttakendur ræddu ýmsar áskoranir í tengslum við lokanir og skert skólastarf og áhrif samkomutakmarkana á fjölskyldulífið. Niðurstöðurnar voru greindar í þrjú meginþemu:

- *leikskólastarf á tímum samkomutakmarkana*
- *veikari tengsl við leikskólasamfélagið*
- *fjölskyldulíf: áskoranir og aukin samvera*

Leikskólastarf á tímum samkomutakmarkana

Innleiðing almennra samkomutakmarkana hafði mikil áhrif á framkvæmd leikskólastarfsins að mati foreldra. Strangar sóttvarnaaðgerðir og fjarlægðartakmarkanir voru innleiddar og var gjarnan gripið til þess ráðs að loka ákveðnum svæðum, taka sum leikföng úr umferð, skipta börnum upp í minni hópa og takmarka samgang á milli deilda. Aðgangur foreldra að leikskólanum minnkaði jafnframt til muna og máttu þeir í mörgum tilfellum ekki koma inn í leikskólann með börnum sínum. Aðgerðirnar lituðu upplifun sumra foreldra sterkum litum í mörgum tilfellum, eins og fram kom í máli Kristínar:

Ég man að mér fannst þetta allt svolítið dapurlegt. Mér fannst þetta svona eins og ég væri að koma inn í kirkjugarð, að koma í leikskólann. Allir voru að passa sig að halda fjarlægð og þar af leiðandi var verið að heilsa úr fjarlægð og ég sendi hann inn og skildi dót eftir og fór annað sjálf. Já, mér fannst þetta hálf dapurlegt. Mjög lágstemmd stemningin.

Þrátt fyrir mikil viðbrigði þegar komið var í leikskólann, ræddu foreldrarnir um að almennt hefði leikskólum tekist vel til í útfærslu sóttvarnaaðgerða og að halda börnum í rútínu. Sigrún nefndi til að mynda að leikskólinn hefði gert sitt besta í erfiðum aðstæðum með því að reyna „að halda leikskólastarfinu eins eðlilegu og hægt er miðað við þær reglur sem að leikskólinn þurfti að starfa eftir.“ Þátttakendur voru sammála um að leikskólum barna sinna hefði tekist vel til við að upplýsa foreldra um stöðu mála og enginn minntist þess að hafa velkst í vafa um gildandi reglur hverju sinni. Flestir foreldrar aðlöguðu sig hratt að breyttum veruleika, eins og Viðar og Mía, sem mættu í sitt hvort viðtalið, lýstu fyrir rannsakanda:

Viðar: Mér fannst leikskólinn bara höndla þetta gríðarlega vel. Þau fengu gríðarlega erfitt verkefni sem þau þurftu að leysa með börn sem þau þurfa að vera í snertingu og tengslum við. Maður áleit það bara sína skyldu að liðka fyrir öllu sem að var að gerast, maður þurfti bara að aðlaga sig. Það var bara þannig. Ég kippti mér ekkert þannig upp við þetta sérstaklega. Þetta var aldrei neitt vesen... leikskólinn var mjög duglegur að upplýsa okkur ef að það voru einhverjar breytingar.

Mía: Mér fannst það ekki erfitt, bara nýjar reglur. Við höfum alltaf átt auðvelt með að fylgja reglunum. Gott að vita hverjar reglurnar eru og líka bara við skildum líka bara að það er ofboðslega mikilvægt í svona faraldri að allir séu að gera sitt, allir fylgi reglum og allir séu með grímu... við vorum ekkert að taka sénsinn á neinu.

Þrátt fyrir að flestir foreldrar segðust hafa stutt sóttvarnaaðgerðir og vandað sig við að fara eftir reglum um fjarlægðartakmarkanir, þótti sumum nóg um eins og fram kom í máli hjónanna Gunnars og Helgu sem mættu saman í viðtal:

Gunnar: Það var bara rosa *paranoia* í gangi og það mátti ekki vera kvef eða hósti og þá var bara allt í baklás og... hann mátti ekki koma inn í leikskólann. Þetta var svona rosa hræðsla... fannst manni svona heilt yfir.

Helga: Ég held að við höfum verið almennt hlynnt þessu, ekkert mikið að kvarta... nema þegar manni fannst þetta vera komið út í öfgar. Ég man að hafa verið elt af leikskólakennurum á leiðinni heim bara: *Hann er með hor!* Maður var bara eitthvað: *Heyrðu*. Ég man að mér fannst þetta vera orðið eins og einhver holdsveiki. Leikskólabörn eru alltaf með hor, það er nú bara eiginlega staðreynd.

Sigrún var á sama máli, þótti eftirlit leikskólakennara hafa verið íþyngjandi og ótti við einkenni ganga of langt:

Þrátt fyrir að starfa í heilbrigðisgeiranum þá var ótrúlega mikil svona... ég upplifði þetta sem *hysteríu* og *fanatík*. Stundum voru þetta dálítið ýktar aðgerðir með lítil börn sem að slefa ofan í hvert annað. Auðvitað var maður svona: *Já, ókei, hann er með hor*. En öll leikskólabörn eru með hor.

Margir foreldrar höfðu á tilfinningunni að starfið með börnunum hefði beðið hnekki og að inntak þess ekki verið í fyrsta sæti á meðan ofuráhersla hefði verið lögð á sóttvarnir. Til marks um hversu mikil orka fór í þessar aðgerðir, sagði Kristín: „Mér leið bara eins og ég væri varla komin inn og þá var búið að þrifa þar sem að ég stóð.“ Sumir þátttakenda minntust á að gott hefði verið að fá stuðning frá leikskólanum á meðan börnin gátu ekki mætt. Þóra hefði glöð þegið stuðning í uppeldishlutverkinu á meðan hún og sonur hennar dvöldust dögum saman heima fyrir í sóttkví:

Það var kannski ekkert *extra mile* frá leikskólanum, það voru mikil veikindi og alls konar hjá starfsfólki, þannig að þetta snerist um að hafa opið þegar hægt var. Þá hefði kannski mátt vera einhvers konar dagskrá frá skólanum, eitthvað sniðugt sem hægt væri að gera, hjálpa þeim að nýta tímann betur en í eitthvað púsl og Netflix-gláp. Eitthvað svona aðeins meira örvandi fyrir börnin. Þau eru með sitt starf, þau eru með málhljóð... jafnvel senda eitthvað efni... við hefðum verið fegin að fá eitthvað þínu prógram þótt það hefði ekki verið mikið. Við hefðum viljað eitthvað svona til þess að halda leikskólastarfinu áfram heima.

Þegar líða tók á faraldurinn tóku foreldrar eftir að starfsfólk væri auðsjáanlega þreytt eftir að „troða marvaða“ eins og Arnar komst að orði og mörgum fannst ákveðin deyfð hafa einkennt starfið. Sumir dagskrárliðir hefðu ekki vaknað almennilega úr dvala eftir að liðkað var um samkomutakmarkanir eða þær felldar úr gildi, eins og Vala lýsti fyrir rannsakanda:

Mér fannst þínu eins og metnaðurinn hefði dalað, mér fannst eins og það hefði dottið niður einhver rytmi. Mér fannst eins og það hefði verið margt sem að hefði ekki verið hægt að gera út af hópaskiptingu eða hólfaskiptunum... þar hefðu hlutir dottið upp fyrir sem að hefðu síðan gleymst og mér fannst rosa mikið bara verið að leika, ekki mikið skipulagt... bara verið að skipta þeim upp en ekki endilega verið að nýta tímann í að læra eitthvað ákveðið eða fara eftir einhverri stefnu.

Fleiri foreldrar töluðu um að hafa tilfinningu fyrir að skipulagt starf hefði dalað, að uppeldisstefna leikskólans væri óljós og að þeir hefðu litla tilfinningu fyrir hvað barnið hefði fyrir stafni yfir daginn.

Veikari tengsl við leikskólasamfélagið

Samhliða minnkaðri viðveru í leikskólanum töluðu foreldrar um að sambandi sínu við kennara barnsins hefði hnignað. Þrátt fyrir að foreldrar teldu sig hafa verið upplýsta um gildandi reglur hverju sinni, hefðu samskipti þeirra við kennara og annað starfsfólk leikskólans snarminnkað, eins og Jenný kom inn á í samtali við rannsakanda:

Það voru voða lítil samskipti við leikskólakennarann sko, eiginlega bara engin. Þetta var svo mikið bara: *Nú ætlum við að drífa okkur inn, drífa okkur út.* Það voru allavega skilaboðin sem að við fengum. Á leikskólanum sem að ég var, þá var alveg áberandi mikil hræðsla við covid. Það var ekki þessi hlýja sem að við erum vön þegar við mætum með börnin okkar á leikskóla, að það sé tekið á móti þeim fagnandi. Mér fannst þetta vera svona: *Við þurfum að vera hérna en við viljum ekki vera hérna.* Mér fannst það mjög áberandi.

Þegar verst lét máttu foreldrar í mörgum tilfellum, samkvæmt útfærslu leikskóla á tilmælum sóttvarnaryfirvalda, ekki koma inn í leikskólabygginguna þegar þeir komu með börn sín á morgnana og sóttu þau seinni partinn. Hjónin Sigrún og Gunnar töluðu á svipuðum nótum um minningar sínar af því að koma með barnið í leikskólann á þessu tímabili:

Sigrún: Ég mátti varla koma inn með barnið, maður bara liggur við ýtti honum inn og lokaði þannig að það mátti ekkert stoppa á lóðinni eða vera þarna þannig að... og heilsaði varla foreldrum. Maður kunni varla nöfn á neinum kennurum... þetta var eins og ýta barninu inn í eitthvað svarthol og vona að fá hann aftur, liggur við.

Gunnar: Já, maður missti alveg tengslin við leikskólann og við kennara og aðra af því að maður kom að útidyrhurðinni, skildi hann eftir og náði svo í hann.

Fleiri þátttakendum fannst þeir missa tengslin við kennara barnsins og aðrar fjölskyldur og hafa takmarkaða innsýn í daglegt starf barnsins. Sigrún lýsti að hún hefði „varla farið inn og tengst litið“ og ekki haft skýra hugmynd um hvað sonur sinn væri að gera á daginn. Hún vissi því „aldrei um hvaða börn hann var að tala um ef að eitthvað kom upp á eða ef hann var að leika við einhvern.“ Vala, Sólveig og Guðjón, sem ræddu við rannsakanda hvert í sínu lagi, tóku í sama streng:

Vala: Mér leið stundum eins og ég væri að setja barnið mitt í svarthol á daginn og skilja hann bara einhvers staðar eftir og vona það besta.

Sólveig: Á þessum tíma voru bara örfáir upplýsingapóstar, við fengum aldrei að vita hvað þau voru að gera á deildunum og ekki neitt... maður missti alveg samskiptin við kennarana þegar maður mátti ekki fara inn á leikskólann.

Guðjón: Skilaboðin fóru úr því að vera: *Hvað erum við að gera í leikskólanum og hver er uppeldisstefnan ... í það að vera: Barnið þitt er í þessum hóp og má koma á þessum tíma, bringið í þennan síma þegar þið komið.* Þannig að fréttirnar af sjálfu leikskólastarfinu voru minni og maður var minna upplýstur um það sem að var að gerast.

Fleiri foreldrar töluðu um tengslaleysi og að hafa ekki verið með nöfn kennara, annarra foreldra og vina barnsins á takteinum. Nokkrir þátttakendur minntust á að foreldrar hefðu stofnað spjallhópa á samfélagsmiðlum til þess að halda sambandi og miðla upplýsingum, en fyrir aðra var erfitt að búa til pláss fyrir ný vinasambönd á milli barna og fjölskyldna þeirra. Mía nefndi að það hefði verið erfitt að nálgast símanúmer annarra foreldra vegna persónuverndarreglna í leikskólanum. Eins hefði ástandið í þjóðfélaginu ekki boðið upp á sömu tækifæri til tengslamyndunar og áður:

Mér líður eins og það hafi verið meira um svona *crucial* sambandamyndun sem að hafi ekki getað átt sér stað á milli foreldra af því að maður var ekki neitt að tala við ókunnugt foreldri og bara: *Hey, eigum við að hittast og leyfa börnunum að leika saman á meðan það var covid?* Af því að það var ekki öruggt. Þannig að það byrjaði aldrei.

Þrátt fyrir að sumir foreldrar minntust þess að foreldraviðtöl hefðu verið færð yfir á netið var það ekki algilt. Hjónin Arnar og Sonja, sem komu saman í viðtal til rannsakanda, voru á þeirri skoðun að leikskólinn hefði þurft að gera meira til þess að viðhalda hefðbundnu sambandi við foreldra:

Sonja: Það voru engin viðtöl í mjög langan tíma.

Arnar: Almennt hefði maður viljað taka stutt viðtöl oftar, en það var ekkert. Kannski [hefði verið betra] að vera með meiri samskipti við foreldra í gegnum netið. Bara einhvern veginn að reyna samt að segja frá því sem er að gerast innan þessara lokuðu veggja, það væri eitthvað sem að maður hefði alveg þegið. Bara eitthvað meira upplýsingaflæði, taka 5 mínútur í það að skrifa smá, heyra meira af starfinu.

Sonja: Bjóða upp á þessi viðtöl og spjall. Þetta [að sækja barnið] var orðið svona ópersónulegt, maður var að afhenda... þetta var eins og sækja einhvern pakka. Mér fannst ótrúlega skrítið að hafa ekki séð hvar hann var allan daginn bara í ógeðslega langan tíma. Mér finnst alltaf mikilvægt í þessu leikskólaferli öllu að horfa á fólkið sem að er með barnið allan daginn, spjalla við það og sjá bara hvað er að gerast, hvað er í gangi. Þetta var svona algert rof.

Rofið í samskiptum kennara og foreldra var áþreifanlegt í hugum fleiri þátttakenda, eins og Viðar lýsti fyrir rannsakanda. Þrátt fyrir að vera boðið í foreldraviðtal á netinu, saknaði hann þess að geta hitt kennara barnsins augliti til auglitis:

Já, þetta var ekki eins persónulegt. Ég vil geta horft í augun í kennaranum hjá börnunum mínum og bara... þá veit ég svona sirka hvort þau séu hrein og bein... og það er það sem að ég vil frá kennurum barnanna minna, ég vil geta horft í augun á þeim í viðtali eða bara þegar ég hitti þá á förnum vegi í skólanum eða hvernig sem er. Maður vill finna að það sé umhyggja og svoleiðis... en maður fær þetta ekki með einhverjum Zoom-fundum.

Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að í hugum foreldra hafi tengsl þeirra við leikskóla barnsins veikst til muna í faraldrinum. Leikskólaumhverfið hafði gjörbreyst á skömmum tíma, en þær breytingar sem faraldurinn hafði í för með sér einskorðuðust ekki við dvöl barnsins í leikskólanum heldur tók heimilislífið einnig stakkaskiptum, eins og greint verður frá í næsta þema.

Fjölskyldulíf: Áskoranir og aukin samvera

Kórónuveirufaraldrinum fylgdu margvíslegar áskoranir fyrir barnafjölskyldur. Vinna og nám margra foreldra færðist alfarið heim á sama tíma og skertir dagar og lokanir voru algengar í leikskólum. Foreldrar þurftu því að aðlagða heimilislífið í samræmi við breyttan veruleika og samræma umönnunarþarfir ungra barna sinna og kröfur vinnuveitenda á sama tíma. Foreldrunum gekk misjafnlega vel að halda öllum boltum á lofti, eins og Helga komst að orði:

Ég get alveg sagt að ég tengdi ekki við þetta fólk sem byrjaði í súrdeigsbakstri og einhverju svona aukahobbíum á þessum tíma, manni fannst þetta miklum meira aukið álag heldur en einhver frítími.

Í viðtölum með rannsakanda deildu foreldrar sögum af því að þurfa að umturna dagskipulagi sínu með stuttum fyrirvara, afbóka skjólstaðinga og viðskiptavini í snatri og passa börn sín á meðan þeir sóttu fundi á netinu. Aðrir greindu frá því að þurfa að sæta tímabundnu vinnubanni, fara á hlutabótaleið, klára veikindadaga þegar börn voru ítrekað send heim með væg einkenni, glíma við atvinnuleysi og flosna upp úr námi vegna álags heima fyrir. Gunnar sagði að það hefði verið „full vinna“ að vera með son sinn heima meðfram vinnu og Viðar tók í sama streng. Hann ræddi jafnframt um hverju hann myndi breyta ef hann gæti farið aftur í tímann með syni sínum:

Maður var alltaf einhvern veginn að kaupa sér tíma með því að leyfa honum eitthvað sem að maður myndi kannski ekki venjulega leyfa honum. Vera lengur í tölvunni eða lengur í i-páðinum eða eitthvað sem að maður er með þínu samviskubít yfir. Það var kannski það versta við þetta, eftir á að hyggja hefði maður bara átt að vera í fríi. Maður var bara alltaf með einhver verkefni sem að maður þurfti að sinna. Það er kannski mínusinn, ég hefði viljað... ef að ég gæti farið til baka, bara nýtt tækifærið og verið bara heima með honum, ekki að vinna.

Margar fjölskyldur fóru í sóttkví eða einangrun meðan á faraldrinum stóð og þurftu að halda sig heima fyrir. Foreldrar þurftu að grípa til ýmissa ráða til þess að láta allt ganga upp í langri heimaveru, eins og Sólveig greindi frá:

Já, þetta voru svona 4–5 vikur, 38 dagar. En þá vorum við flutt í húsið sem að við búum í núna og vorum með garð og tvo innganga. Við þurftum að skipta okkur í tvennt, við gátum ekki verið saman. Ég var orðin veik en maðurinn minn var ekki orðinn veikur. Hann bjó í einum hluta hússins og ég hinum megin með börnin af því að þeir voru orðnir veikir. Við vorum að reyna að halda honum óveikum svo að hann gæti gefið okkur að borða. Við skiptum húsinu í tvennt... það var búið að tæma alla plastkassana í geymslunni og skipta stofunni í tvennt.... já, bara veggur. Algerlega klikkað.

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir í daglegu lífi vörðu þátttakendur ekki síður tíma í að ræða jákvæð áhrif samkomutakmarkana á fjölskyldulífið. Vala sagði að þrátt fyrir aukið álag á ýmsum sviðum hefði faraldurinn „ekki verið það versta sem að hefur gerst fyrir félagslegu og andlegu hliðina.“ Foreldrar töluðu um að meðan á faraldrinum stóð hefði dregið úr hraða hversdagslífsins, meiri sveigjanleiki skapast og samvera og nánd fjölskyldunnar aukist. Vala lýsti þessu tímabili á eftirfarandi máta:

Við fengum náttúrulega rosalega mikinn tíma saman sem að svona var mjög dýrmætt. Við vorum meira saman og hann [sonur] saknaði þess rosa mikið þegar ég var síðan farin að vinna. Hann tengdi það við staðinn sem að við höfðum búið á þegar að mestu takmarkanirnar voru og honum fannst það skemmtilegasti staðurinn sem að við bjuggum á. Það er kannski helst bara þetta rólegra tempó af því að það var ekkert að fréttu.

Margir foreldrar töluðu um faraldurinn sem „góðan tíma“ og sögðust eiga jákvæðar minningar tengdar honum. Minningin af því að vera föst heima fyrir í einangrun hafði meira að segja á sér jákvæðan blæ í huga Þóru, sem greindi frá því að sonur sinn sæi tímabilið í ákveðnum dýrðarljóma:

Já, við eigum fullt af góðum minningum þegar við hugsum til baka og sérstaklega hann sem er alltaf að rifja upp. Eins og þegar við vorum í einangrun og fólk að koma með einhverjar matargjafir og við vorum að draga þetta upp í bandi. Honum fannst það geggjað og nefnir þetta nánast einu sinni í viku. Þannig að þá var þetta svo mikil samvera með öllu okkar fólk þannig að það var ekkert svo hræðilegt.

Gunnar velti því eins fyrir sér hvort „hið fræga sumar 2020“ þegar hægt var að heimsækja náttúruperlur landsins í friði með fjölskyldunni (sem alla jafna eru fjölfarnir ferðamannastaðir), kæmi nokkurn

tíma aftur. Nokkrir foreldrar töluðu um að hafa nýtt tækifærið fyrir margvíslega iðju sem annars hefði verið erfitt var að gefa sér tíma fyrir, eins og að elda og baka, fönndra, púsla, byggja úr kubbum og leira með börnum sínum. Eins fóru margir í göngutúra til þess að leita að böngsum í gluggum húsa. Sólveig lýsti að faraldurinn hefði ekki verið alsælur heldur falið í sér góða ábendingu um að hægja á sér í dagsins önn, þar sem þau hjónin hefðu aldrei verið jafnmikið heima með börnum sínum og átt með þeim gæðastundir. Þátttakendur töldu almennt að neikvæð félagsleg áhrif faraldursins á börn sín hefðu verið í lágmarki, þau hefðu verið of ung til þess að vera farin að hitta vini sína mikið utan leikskólans. Áhrifin hefðu verið mun meiri og verri fyrir félagslíf eldri systkina þeirra sem voru í grunnskóla eða framhaldsskóla. Aukin samvera foreldra og leikskólabarna var bæði kærkomin og dýrmæt, eins og Sonja komst að orði:

Kannski var covid bara það besta sem að gerðist fyrir leikskólabörn. Ég man bara að við vorum mikið heima að kaupa Lego og við vorum meira að dúllast, baka meira og allt var meira eins og að vera í einhverju sumarfríi. Það var meira svigrúm til þess að vera í friði, maður var ekkert að drífa sig eitthvert annað... þetta var bara næs.

Jenný, sem hafði birgt sig upp af fönndurvörum, málningu, leir, borðspilum og hráefnum til baksturs ef fjölskyldan þyrfti að fara í einangrun, sagði að gæðastundirnar hefðu verið fjölmargar innan heimilisins. Hún lauk samtali við rannsakanda á að velta fyrir sér lærdómi kórónuveirufaraldursins fyrir foreldrahlutverkið, sem eftir á að hyggja veitti foreldrum einstakt tækifæri til þess að verja meiri tíma með börnum sínum:

Ég held að við höfum lært að við getum þetta alveg... ég vildi að við gætum sagt: *Ég lærði að vinna minna, vera meira með börnunum*. Ég vildi að við hefðum lært það, en við gleymdum því mjög fljótt.... og nýta gæðastundirnar, sem að ég er líka búin að gleyma, ég baka aldrei lengur.

Gunnar tók í sama streng í uppgjöri sínu á tímabili faraldursins:

Við Íslendingar... erum fljót að gleyma hlutunum og læra ekkert af þeim, þetta á við allt finnst mér, alla hluti... bankahrún og covid er örugglega mjög svipað ástand... það er bara svona mikil krísa... og við gleymum þessu bara svona... *já, þetta gerðist ekki...* og við höldum bara áfram á okkar braut.

Samvera fjölskyldunnar á tímum kórónuveirufaraldursins tók á sig ýmsar myndir og foreldrar og börn fengu meira næði en oft áður til þess að eiga saman gæðastundir þrátt fyrir ýmsar áskoranir. Samkomutakmarkanir fólu í sér rof á daglegu lífi og aukið svigrúm til þess að sinna foreldrahlutverkinu. Faraldurinn var því einstakt tímabil í hugum margra þátttakenda sem hægt er að draga lærdóm af, þrátt fyrir að gamlar venjur hafi verið fljótar að festa sig aftur í sessi.

Umræður og lokaorð

Markmið EXPECT-verkefnisins er að afla frekari þekkingar á áhrifum heimsfaraldurs Covid-19 á leikskólastarf á Norðurlöndunum. Í þessari rannsókn var sjónum beint að viðhorfum foreldra á Íslandi til leikskólastarfs og reynslu þeirra af fjölskyldulífi á tímum samkomutakmarkana og skerts skólastarfs. Í samtölum við foreldra kom í ljós að sóttvarnaraðgerðir höfðu mikil áhrif á upplifun þeirra af leikskólanum og er það að mörgu leyti í samræmi við niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum (Juutinen o.fl., 2025). Orðin „kirkjugarður“ og „svarthol“ voru meðal annars notuð til þess að lýsa breyttu andrúmslofti sem einkenndist ekki af sömu hlýju og áður og skertri innsýn í daglegt starf. Eins urðu tengsl foreldra við leikskólasamfélagið mun veikari en áður þar sem viðvera þeirra í leikskólanum og samskipti við kennara barnsins og aðrar fjölskyldur minnkuðu til muna (Godhe, 2023; Marschall o.fl., 2022; Qvortrup og Lomholt, 2022). Niðurstöðurnar má túlka þannig að frá sjónarhóli foreldra hafi leikskólakerfið að ýmsu leyti staðist prófaunina sem faraldurinn fól í sér með því að halda leikskólum opnum á sama tíma og ekki tókst að viðhalda gæðum starfsins.

Með þeim aðgerðum sem gripið var til tókst að komast hjá algerri lokun leikskólastigsins. Foreldrar töldu almennt að leikskólanum hefði tekist vel til við útfærslu og upplýsingamiðlun sóttvarnaaðgerða og hefði „gert sitt besta“ við erfiðar aðstæður. Á móti töldu þeir að fallið hefði á milli skips og bryggju að huga að því að viðhalda sambandi leikskólakennara við foreldra og upplýsa þá um daglegt starf, líðan og félagsleg tengsl barnsins (Oakes o.fl., 2020; Petrogiannis og Penderi, 2014). Eins fengu sumir þátttakendur það á tilfinninguna að starfið með börnunum hefði dalað þegar leið á faraldurinn, þótt slakað hefði verið á samkomutakmörkunum. Rannsókn (Juutinen o.fl., 2025) gefur vísbendingar um að faraldurinn hafi þrengt að uppeldisfræðilegu starfi í leikskólum á Norðurlöndunum; hólfskipting, lokun rýma, niðurfelling viðburða og ferða og fjarvera starfsfólks setti kennurum í mörgum tilfellum þröngar skorður. Þó er vert að nefna að sama rannsókn hafi einnig fundið vísbendingar um að leikskólakennarar hafi sýnt frumkvæði og bryddað upp á nýjungum í skólastarfinu (t.d. á sviði útikennslu og að nýta kórónuveiruna sem námstækifæri) þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Smærri barnahópar hafi skapað rólegra andrúmsloft, veitt kennurum tækifæri til að sinna hverju barni betur og gefið börnum aukið rými og tíma til leiks. Þannig skapaði faraldurinn einnig aðstæður innan leikskólanna sem juku vellíðan á meðal barna og starfsfólks (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk, 2020). Fregnir af slíku gæðastarfi kunna hins vegar ekki að hafa náð til foreldranna sem tóku þátt í þessari rannsókn, miðað við frásagnir þeirra af að vita lítið um daglegt starf barnanna (Oke o.fl., 2020). Ætla má að veikari tengsl við foreldra hafi síður en svo verið óskastaða í hugum leikskólakennara. Nýleg íslensk rannsókn á viðhorfum leikskólastjórnaenda til fullgildis foreldra leikskólasamféluginu gefur vísbendingar um þá miklu og meðvituðu vinnu sem stjórnendur leggja á sig til þess að mynda sterk tengsl við foreldra í leikskólanum, upplýsa þá um dag barnsins, hvetja þá til samstarfs og virkja til þátttöku (Björn Rúnar Egilsson, 2024).

Frá sjónarhóli vistfræðikenningar Urie Bronfenbrenners má segja að nærkerfi barnsins hafi verið undir miklu álagi og tekið stakkaskiptum meðan á faraldrinum stóð (Bronfenbrenner og Morris, 2006). Sóttvarnaaðgerðir höfðu umtalsverð áhrif á daglegt líf barna í leikskólanum, á sama tíma og samskipti foreldra og kennara tóku breytingum og samband þeirra varð veikara. Miðkerfið (samskipti nærkerfa fjölskyldunnar og leikskólans) varð fyrir víðtækum truflunum, þar sem samskipti foreldra og leikskólakennara um þroska og velferð barnsins snarminnkuðu eða hættu jafnvel tímabundið. Ástæðurnar fyrir því má bæði rekja til þess að þessar óvenjulegu kringumstæður þrengdu verulega að óformlegum tækifærum foreldra og leikskólakennara til þess að ræða saman og vegna þess að formleg samskipti voru undir mun meiri áhrifum frá stofnanakerfinu en áður; það er að segja að upplýsingar til foreldra sneru fyrst og fremst að útfærslu fjarlægðartakmarkana og hólfskiptingar í samræmi við tilskipanir yfirvalda hverju sinni.

Frásagnir foreldra benda til þess að breytingarnar hafi haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra af samskiptum sínum við leikskóla barnsins, sér í lagi þegar litið er til viðmiða annarrar útgáfu Early Childhood Environment Rating Scale (ECERS-R) um gæði í samskiptum leikskólakennara og foreldra (Harms o.fl., 2004). Skalin leggur áherslu á að hvetja til þátttöku foreldra í skólastarfinu á margvíslegan máta, sem var sjálfhætt á meðan samkomutakmarkanir voru í gildi, eins og allt sem felur í sér að foreldrar séu viðstaddir eða taki virkan þátt í starfinu. Hins vegar er þar einnig að finna atriði sem eru mikilvæg til þess að viðhalda góðu sambandi við foreldra leikskólabarna og er hægt að sinna með hjálp upplýsingatækni ef þörf krefur. Þar má helst nefna að fá upplýsingar um daglegt starf með reglulegu millibili og tækifæri til þess að ræða nám og þroska barnsins (Harms o.fl., 2004). Þátttakendur rannsóknarinnar söknuðu þess sárlega að hafa sömu innsýn í dag barnsins og áður og miðað við frásagnir þeirra hefði í mörgum tilfellum verið hægt að gera meira til þess að viðhalda upplýsingagjöf til þeirra. ECERS-R-skalin metur einnig hvort leikskólinn veiti foreldrum stuðning, eins og með því að veita efni eða benda á úrræði sem styrkja þá í uppeldishlutverkinu. Þátttakendur nutu ekki slíks stuðnings eins og dæmi eru um frá Finnlandi (Heino og Kara, 2021; Sulkanen o.fl., 2022), þar sem leikskólakennarar tóku saman hugmyndir að samverustundum eða verkefnum sem börn og foreldrar gætu fengist við saman ef skólinn væri lokaður eða ef fjölskyldur þyrftu að sæta einangrun eða sóttkví. Vert væri að huga að því að kanna hvers konar uppeldisfræðilegur stuðningur standi foreldrum til boða (Conkbayir og Pascal, 2015) ef upp koma aðstæður þar sem leikskólastarf skerðist til lengri eða skemmri tíma.

Kórónuveirufaraldurinn hafði einnig umtalsverð áhrifinn nærkerfis fjölskyldunnar (Bronfenbrenner og Morris, 2006). Foreldrar greindu frá álagi sem hlaut af skertu skólastarfi, því að umturna dagskipulagi með litlum fyrirvara og sinna vinnu samhliða umönnun ungra barna sinna. Þrátt fyrir margvíslegar áskoranir, vörðu þátttakendur talsverðum tíma í að ræða jákvæð áhrif faraldursins á fjölskyldulífið. Þær aðstæður sem sköpuðust í samfélaginu gáfu nærkerfi fjölskyldunnar frið frá ytra áreiti annarra nærkerfa og stofnanakerfisins. Lausir frá annríki hversdagsins fengu foreldrar svigrúm til þess að veita börnum sínum gott atlæti, eiga með þeim gæðastundir og skapa minningar af samveru og nánd (Peltoperä o.fl., 2023). Í gögnum er þó að finna vísbendingar um að daglegt líf þátttakenda hafi að mörgu leyti farið aftur í fyrra horf eftir faraldur, að gæðastundum hafi fækkað, minni tími til samveru gefist og að *lærdómur faraldursins* hafi gleymst eða ekki náð að festa sig í sessi. Sá hraði sem einkennir líf margra barnafjölskyldna í samtímanum segir sína sögu, bæði um stofnanakerfi (t.d. vinnustaði foreldra) og ekki síður lýðkerfi samtímans, gildismatið og venjurnar sem knýja foreldra áfram á hamstrahjóli annríkis (Bronfenbrenner og Morris, 2006). Vert er að hafa í huga að þótt þátttakendur hafi nýtt tækifæri til aukinnar samveru og gæðastunda með börnum sínum, þurfi það ekki að gilda um allar barnafjölskyldur. Einn þátttakandi, Kristín, tók sérstaklega fram í umfjöllun sinni um samveru fjölskyldunnar, að samkomutakmarkanir hefðu valdið miklu álagi fyrir heimili sem einkenndust ekki af jafnvægi og vellíðan. Þessi rannsókn gefur því ekki innsýn í áhrif faraldursins á líf fjölskyldna þar sem uppeldisskilyrði barna voru erfiðari.

Hvorki er hægt að alhæfa um starfshætti þeirra leikskóla sem um ræðir né reynslu foreldra leikskólabarna í faraldrinum út frá þeim gögnum sem safnað var. Eins skal hafa í huga að þegar viðtölin fóru fram voru rúm fjögur ár liðin frá upphafi faraldursins. Skýrustu minningar foreldra voru frá upphafi faraldursins þegar sóttvarnaaðgerðir voru sem harðastar og þeim bylgjum þegar tíðni smita var há og samfélagsleg áhrif sem mest. Samhljómurinn í viðhorfum foreldra hvað ákveðna þætti varðar, eins og litla innsýn þeirra í dag barnsins, felur þó í sér áminningu um mikilvægi traustra samskipta leikskóla við fjölskyldur og gefur vísbendingar um þá veikleika sem faraldurinn leiddi í ljós. Samskiptastefna leikskóla þarf að vera meðvituð og búa yfir seiglu og sveigjanleika sem gerir kennurum og foreldrum kleift að viðhalda sambandi sínu í ófyrirséðum aðstæðum og miðla þeim upplýsingum sem mestu máli skipta; um líðan, þroska og velferð barnsins.

Preschool out of reach: Parental experiences during the COVID-19 pandemic

The COVID-19 pandemic had profound and widespread effects on early childhood education and care (ECEC) operations and practices in Iceland. Preschools went through periods of partial closures, suspension of activities, social distancing, compartmentalisation, and strict disease control and prevention procedures. Researchers have given attention to the experiences of preschool educators during this time and, to a lesser extent, to the perspectives of preschool children. However, little is known about the perspectives of parents of preschool children on preschool operations during the COVID-19 pandemic in Iceland. This article explores the experiences and perspectives of parents whose children were of preschool age during periods of lockdown and social distancing. The study is part of the Nordic research project EXPECT (*Exploring Practices in Early Childhood of Tomorrow: Develop resilience in social sustainable childhoods after Covid-19*), which is intended to generate knowledge of societal crisis preparedness by learning from the COVID-19 pandemic, building resilience at the preschool level, and supporting the welfare of young children.

Thirteen parents from the capital region of Iceland participated in semi-structured interviews and shared their experiences with the researcher. The participants' children had been enrolled in preschool during the pandemic. Interview recordings were transcribed verbatim and examined through thematic analysis to identify common elements and patterns in parental narratives. The findings suggest that strict infection control measures brought significant changes for parents and strongly influenced their perception of

preschool operations. Although most parents supported and followed ever-changing rules on social distancing, some regarded the educators as having unrealistic attitudes and resented the policy of sending children home with the mildest of symptoms. While most parents regarded the preschools as having successfully implemented disease control and managing to stay open in unforeseen and difficult circumstances, they sensed a drop in relational and operational quality. Parents reported a considerable decrease in their communication with their child's teachers and other families, as they were in many cases denied entry to the premises. In addition, the preschools' information dissemination increasingly revolved around updating parents on COVID-19 regulations, instead of reporting on pedagogical activities. This led to reduced parental understanding of the child's daily activities in preschool. Alongside reduced attendance and diminished interactions, parents' connections to the preschool community weakened. Some participants also perceived a decrease in pedagogical quality and ambition, as many activities remained suspended, even as regulations eased, and educators appeared to be exhausted.

The data indicate that, despite the many challenges posed by the pandemic for parents (such as being subjected to quarantines, dealing with preschool closures, and balancing working from home and providing care for their young children at the same time), its impact on family life was, in many ways, positive. Lockdowns and closures provided families with opportunities to spend more time together and engage in joint activities that would otherwise have been difficult to fit into parents' busy schedules. Parents shared narratives of playing together, going on 'teddy bear walks', baking, doing puzzles, and playing various boardgames with their children. As a result, the parents reported stronger bonds and more intimacy with their children. The pandemic was therefore framed as a period of positive family memories. However, many participants reported returning to old patterns of working long hours, general busyness, and having less family time as the pandemic subsided. This study highlights weaknesses in the communication patterns between preschools and parents during the pandemic. It underscores the importance of preschools developing an intentional communication strategy that is both resilient and flexible to maintain their connection with parents in unforeseen circumstances.

Key words: preschool, parents, COVID-19

Um höfund

Björn Rúnar Egilsson (bre@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hans beinast meðal annars að skilum skólastiga, fullgildi, sjónarhorni foreldra, fjölskyldum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og áhrifum heimsfaraldurs Covid-19 á leikskólakerfi Norðurlandanna. Björn nam heimspeki við Háskóla Íslands og King's College London áður en hann lauk doktorsprófi í menntavísindum. Doktorsverkefni hans sneri að þáttaskilum leik- og grunnskóla frá sjónarhorni foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

About the author

Björn Rúnar Egilsson (bre@hi.is) is a lecturer at the School of Education at the University of Iceland. His research focuses on transitions between educational levels, belonging, and parental perspectives. He studied philosophy at the University of Iceland and King's College London before completing a PhD in education. His doctoral research focused on the transition to school from the perspective of parents of children with diverse linguistic and cultural backgrounds.

Heimildir

- Allmark, P., Boote, J., Chambers, E., Clarke, A., McDonnell, A., Thomson, A. og Tod, A. M. (2009). Ethical issues in the use of in-depth interviews: Literature review and discussion. *Research Ethics*, 5(2), 48–52. <https://doi.org/10.1177/174701610900500203>
- Andersson Søre, M., Schad, E. og Psouni, E. (2023). ‘Distance creates distance’: Preschool staff experiences and reflections concerning preschool introduction during the covid-19-pandemic. *International Journal of Early Years Education*, 31(1), 153–169. <https://doi.org/10.1080/09669760.2022.2025584>
- Björn Rúnar Egilsson. (2024). Viðhorf leikskólastjórna til fullgildis foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leikskólasamfélagi. Í Jóhanna Einarsdóttir og Björn Rúnar Egilsson (ritstjórar), *Með nesti og nýja skó: Greinar um tengsl leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila* (bls. 151–171). Háskólaútgáfan.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Brinkmann, S. og Kvale, S. (2015). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (3. útgáfa). Sage.
- Bronfenbrenner, U. og Morris, P. A. (2006). The bioecological model of human development. Í W. Damon og R. M. Lerner (ritstjórar), *Handbook of child psychology, Vol. 1: Theoretical models of human development* (bls. 793–828). <https://doi.org/10.1002/9780470147658.chpsy0114>
- Brunsek, A., Perlman, M., Falenchuk, O., McMullen, E., Fletcher, B. og Shah, P. S. (2017). The relationship between the Early childhood environment rating scale and its revised form and child outcomes: A systematic review and meta-analysis. *PLoS One*, 12(6), e0178512. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0178512>
- Conkbayir, M. og Pascal, C. (2015). 11: Urie Bronfenbrenner. Í *An early childhood theories and contemporary issues: An introduction* (bls. 109–121). Bloomsbury.
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2018). *Qualitative inquiry & research design: Choosing among five approaches* (4. útgáfa). Sage.
- Dockett, S., Perry, B., og Petriwskyj, A. (2014). Theorizing transition: Shifts and tensions. Í B. Perry, S. Dockett, & A. Petriwskyj (ritstjórar), *Transitions to school – International research, policy and practice* (bls. 1–18). Springer.
- Elizabeth B. Lay og Brynja E. Halldórsdóttir. (2020). “This is the first time as a foreigner that I have had such a strong connection to the state”: Parents’ voices on Icelandic school staying open in the time of COVID-19. *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.18>
- Environment Rating Scales Institute. (e.d.). Welcome to ERSI. <https://www.ersi.info/>
- Godhe, A.-L. (2023). Teachers’ experience of the breakdown of infrastructures during the pandemic. *Education and Information Technologies*, 29, 5651–5671. <https://doi.org/10.1007/s10639-023-12027-6>
- Gomes, J., Almeida, S. C., Kaveri, G., Mannan, F., Gupta, P., Hu, A. og Sarkar, M. (2021). Early childhood educators as COVID warriors: Adaptations and responsiveness to the pandemic across five countries. *International Journal of Early Childhood*, 53(3), 345–366. <https://doi.org/10.1007/s13158-021-00305-8>
- Harms, T., Clifford, R. M. og Cryer, D. (2004). *Early childhood environment rating scale* (2. útgáfa). Teachers College Press.
- Heikkinen, K.-M., Fonsén, E., Heikonen, L., Ahtainen, R., Tamir, E. og Strehmel, P. (2023). Stress, coping strategies and resources of early childhood education leaders during the COVID-19 pandemic in Finland, Germany and Israel. Í E. Fonsén, K.-M. Heikkinen, L. Heikonen, P. Strehmel og E. Tamir (ritstjórar), *Early childhood education leadership in times of crisis* (bls. 229–246). Verlag Barbara Budrich.
- Heino, E. og Kara, H. (2021). Lapsiperheiden vanhempien kuvaukset saadusta sosiaalisesta tuesta poikkeusolojen aikana [Lýsingar foreldra barnafjölskyldna á félagslegum stuðningi sem þeir fengu í neyðarástandi]. *Tiede & Edistys*, 45(3), 252–266. <https://doi.org/10.51809/te.109668>
- Holmes, A. G. D. (2020). Researcher positionality – a consideration of its influence and place in qualitative research – a new researcher guide. *Shanlax International Journal of Education*, 8(4), 1–10. <https://doi.org/10.34293/education.v8i4.3232>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk. (2020). Kófið og leikskólinn: „Þetta var mögnuð „tilraun“ til að sjá gæðastarf verða til við skrítnar aðstæður.“ *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.20>

- Jóhanna Einarsdóttir. (2014). Readings of media accounts of transition to school in Iceland. Í B. Perry, S. Dockett og A. Petriwskyj (ritstjórar), *Transitions to school: International research, policy and practice* (bls. 21–30). Springer.
- Jóhanna Einarsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir. (2020). Skólasókn og samstarf við foreldra leikskólabarna með fjölbreyttan bakgrunn á tímum COVID-19. *Sérrið Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.19>
- Juutinen, J., Björn Rúnar Egilsson, Rossell, Y., Augustine, L. og Jensen, A. S. (2025). Fostering resilience in post-pandemic ECEC practices: Lessons from the COVID-19 pandemic in the Nordic countries? A scoping review. *International Journal of Educational Development*. <https://forskningportal.kp.dk/en/publications/fostering-resilience-in-post-pandemic-ecec-practices-lessons-from>
- Koch, A. B. (2022). Child well-being in early childhood education and care during COVID-19: Child sensitivity in small, fixed groups. *Children & Society*, 36(6), 1234–1249. <https://doi.org/10.1111/chso.12569>
- Korhonen, T., Fonsén, E. og Ahtiainen, R. (2023). Pedagogical leadership in early childhood education during the COVID-19 pandemic in Finland. Í E. Fonsén, K.-M. Heikkinen, L. Heikonen, P. Strehmel og E. Tamir (ritstjórar), *Early childhood education leadership in times of crisis: International studies during the COVID-19 pandemic* (bls. 15–30). Verlag Barbara Budrich. <https://doi.org/10.2307/jj.2430379.4>
- Kristín Dýrfjörð og Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2020). Keeping preschools open during COVID-19: The employees' perspective. *Sodobna Pedagogika/Journal of Contemporary Educational Studies*, 71(4), 206–222. https://www.sodobna-pedagogika.net/en/articles/04-2020_keeping-preschools-open-during-covid-19-the-employees-perspective/
- Kristín Dýrfjörð og Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2022). Preschool staff perceptions of leader capabilities during COVID-19 early stage in Iceland. *Journal of Childhood, Education & Society*, 3(1), 74–85. <https://doi.org/10.37291/2717638X.202231160>
- Kuutti, T., Kahila, S. og Sajaniemi, N. (2021). Pedagogiikkaa poikkeusaikana – Päiväkotien varhaiskasvatushenkilöstön kokemuksia pedagogiikan toteuttamisesta COVID-19-pandemian aikana [Uppeldisfræði í neyðarástandi – Frásagnir leikskólastarfsfólks af skólastarfi í heimsfaraldri covid-19]. *Journal of Early Childhood Education Research*, 10(3), 217–239. <https://journal.fi/jecer/article/view/114177/67376?acceptCookies=1>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Marschall, A., Prins, K. og Grumløse, P. S. (2022). Drop-off at the gate: Challenges to parent–staff collaboration in Danish childcare in the era of COVID-19. Í L. B. Henderson, K. Bussey og H. B. Ebrahim (ritstjórar), *Early childhood education and care in a global pandemic: How the sector responded, spoke back and generated knowledge* (bls. 102–113). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781003257684>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011.
- Mortensen, N., Nøhr, K. og Høygård Lindeberg, N. (2020). *Genåbning af børnehaver efter coronavirus/COVID19 – Resultater af spørgeskemaundersøgelse til børnehaveledere om erfaringer fra genåbning*. Det nationale forsknings- og analysecenter for velfærd. <https://www.vive.dk/media/pure/15138/4423870>
- Neitzel, J., Early, D., Sideris, J., La Forrett, D., Abel, M. B., Soli, M., Davidson, D. L., Haboush-Deloye, A., Hestenes, L. L., Jenson, D., Johnson, C., Kalas, J., Mamrak, A., Masterson, M. L., Mims, S. U., Oya, P., Philson, B., Showalter, M., Warner-Richter, M. og Kortright Wood, J. (2019). A comparative analysis of the Early childhood environment rating scale, revised and Early childhood environment rating scale, third edition. *Journal of Early Childhood Research*, 17(4), 408–422. <https://doi.org/10.1177/1476718X19873015>
- Norberg, K. (2022). “It was like kaboom! And the children stayed at home.” Leadership in a preschool during the COVID-19 pandemic. *Values and Ethics in Educational Administration*, 16(2), 1–7. <https://eric.ed.gov/?id=EJ1358779>
- Oakes, C., Staton, S., Houen, S., Cooke, E., Pattinson, C., Teo, S. L. og Thorpe, K. (2020). “Did my child sleep today?": Communication between parents and educators in early childhood education and care settings. *Child & Youth Care Forum*, 49(1), 265–283. <https://doi.org/10.1007/s10566-019-09527-3>
- Oke, A., Butler, J. E. og O'Neill, C. (2020). Identifying barriers and solutions to increase parent-practitioner communication in early childhood care and educational services: The development of an online communication application. *Early Childhood Educational Journal*, 49(1), 283–293. <https://doi.org/10.1007/s10643-020-01068-y>

- Oropilla, C. T., Ødegaard, E. E. og Quinones, G. (2022). Kindergarten practitioners' perspectives on intergenerational programs in Norwegian kindergartens during the COVID-19 pandemic: Exploring transitions and transformations in institutional practices. *European Early Childhood Education Research Journal*, 30(6), 883–898. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2022.2073380>
- Os, E., Winger, N. og Hernes, L. (2024). «Sånn må det være nå»: Barns handlingsrom i barnehager under koronapandemien. *Barn – Forskning om Barn og Barndom i Norden*, 42(1), 52–69. <https://doi.org/10.23865/barn.v42.5598>
- Parrila, S. og Mäntyjärvi, M. (2023). Crisis leadership in public early childhood education centers in Finland – relation to wellbeing at work and resilience. Í E. Fonsén, R. Ahtiainen, K.-M. Heikkinen, L. Heikonen, P. Strehmel, E. Tamir (ritstjórar), *Early Childhood Education Leadership in Times of Crisis* (bls. 173–188). Verlag Barbara Budrich.
- Peltoperä, K., Siippainen, A. og Karila, K. (2023). Stabilise, balance and adjust—Framing the early years transitions of children whose parents work non-standard hours. *International Journal of Social Welfare*, 32(3), 306–319. <https://doi.org/10.1111/ijsw.12563>
- Petersen, K. E. (2021). *Danske daginstitutioners indsatser og disses betydninger for pædagogisk personale, børn og familier under COVID-19 pandemien 2020/2021*. DPU, Aarhus Universitet. https://edu.au.dk/fileadmin/edu/Udgivelser/E-boeger/Ebog_-_Danske_daginstitutioners_indsatser_under_COVID-19_pandemien.pdf
- Petrogiannis, K. og Penderi, E. V. (2014). The quality of parent-teacher relationship scale in the kindergarten: A Greek study. *International Research in Education*, 2(1), 1–21. <https://doi.org/10.5296/ire.v2i1.4343>
- Pramling Samuelsson, I., Wagner, J. T. og Ødegaard, E. E. (2020). The coronavirus pandemic and lessons learned in preschools in Norway, Sweden and the United States: OMEP policy forum. *International Journal of Early Childhood*, 52, 129–144. <https://doi.org/10.1007/s13158-020-00267-3>
- Qvortrup, A. og Lomholt, R. (2022). Børnehavebørns socio-emotionelle erfaringer under COVID-19. *Paideia – Tidsskrift for Professionel Pædagogisk Praksis*, 23, 59–77. <https://tidsskrift.dk/Paideia/article/view/135038>
- Rosa, E. M. og Tudge, J. (2013). Urie Bronfenbrenner's Theory of human development: Its evolution from ecology to bioecology. *Journal of Family & Review*, 5(4), 243–258. <https://doi.org/10.1111/jftr.12022>
- Sara Margrét Ólafsdóttir, Kristín Karlsdóttir og Dána Lind Sigurjónsdóttir. (2020). Sýn barna á kórónuveiruna og áhrif hennar á þátttöku þeirra í daglegu starfi í leikskóla. *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.23>
- Setodji, C. M., Schaack, D. og Le, V. N. (2018). Using the Early childhood environment rating scale-revised in high stakes contexts: Does evidence warrant the practice? *Early Child Research Quarterly*, 42, 158–169. <https://doi.org/10.1016/j.ecresq.2017.10.001>
- Sulkanen, M., Räikkönen, E. og Alasuutari, M. (2022). Kotiin jääneiden lasten huomiointi päiväkodeissa kevään 2020 covid-19-poikkeusolojen aikana [Umföllum um leikskólabörn sem voru heima í neyðarástandi Covid-19 vorið 2020]. *Kasvatus*, 53(5), 451–466. <https://doi.org/10.33348/kvt.125518>
- Svava Björg Mörk og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2024). „Með fagvitund að vopni“: Upplifun leikskólakennara af hlutverki sínu í framfarðasveit í heimsfaraldri. *Tímarit um uppeldi og menntun – Sérít um leikskólastarf, tileinkað dr. Guðrínu Öldu Harðardóttur leikskólakennara*, 33(1), 37–54. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2024.33.3>
- University College London. (e.d.). *The Effective pre-school, primary and secondary education project* (EPPSE). <https://www.ucl.ac.uk/ioe/research-projects/2017/jun/effective-pre-school-primary-and-secondary-education-project-eppse>
- Zulauf-McCurdy, C. A. og Zinsser, K. M. (2022). A qualitative examination of the parent-teacher relationship and early childhood expulsion: Capturing the voices of parents and teachers. *Infants & Young Children*, 35(1), 20–39. <https://doi.org/10.1097/IYC.0000000000000206>



Björn Rúnar Egilsson. (2025).

Leikskólinn utan seilingar: Reynsla foreldra leikskólabarna af heimsfaraldri Covid-19

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

<http://netla.hi.is>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/9>